

# Eiga prestar að vera í frímúrarareglunni?

*Biskupanefnd í Svíþjóð kveður upp dóm sinn á fimmtudag*

535 prestar í Svíþjóð og 110 prestar í Noregi, sem og fjöldi annarra presta á Norðurlöndunum bíða spennir eftir niðurstöðu Biskupanefndar í Svíþjóð, sem á að dæma hvort verjandi sé fyrir þessa Guðsmenn að vera meðlimir í frímúrarareglum sinna landa. Nefndin mun kveða upp sinn dóm innan skamms og hefur í veginni forðgingu Alkirkjuráðsins í Genf á því að prestar séu í þessum leynifélagsskap.

Biskupanefndin tók málið upp í kjölfar þess að Aftonbladet í Svíþjóð greindi frá því að 535 prestar þar í landi væru félagar í frímúrarareglunni og að sem slíkir tækju þeir þátt í ýmiss konar athöfnum, þar sem meðal annars væru til staðar hauskúpur, beinagrindur, líkkistor. Með grein blaðsins fylgdu myndir af fyrirbærunum, sem rafvirki einn tók leynilega er hann vann í húsi reglunnar í Blasieholmen. Einnig myndir sem byggingaverkamadur tók, meðal annars af vegg þar sem

hauskúpum og beinum var raðað frá gólfi til loftis.

Í Svíþjóð og Noregi eru prestar ekki á eitt sáttir um hvort réttmætt sé að þeir megi vera meðlimir í reglunni. Mikil umræða á sér stað og bíða menn spennir eftir niðurstöðu Biskupanefndarinnar, en hún á að koma eftir nokkra daga, nánar tiltekið 21. mars. 2 norskir biskupar og 8 sænskir eru félagar í reglu sinna landa — og hér á landi er biskup Íslands í íslensku frímúrarareglunni. Fleiri guðsmenn eru eða hafa verið í frímúrarareglunni á Íslandi; Jakob Jónsson, Jón Auðuns, Ragnar Fjalar Lárusson, Kjartan Ö. Sigurbjörnsson og aðrir. Í bók Úlfars Þórmóðssonar „Bræðrabönd“ var á sínum tíma birt félagaskrá frímúrarara hér á landi og voru þar tíundaðir yfir 50 prestar sem voru eða höfðu verið meðlimir í reglunni. Margir þeirra eru dánir, en aðrir hafa sjálfsgætt þess og hópinn, sem nú fylgist eflaust grannt með því hvað gerist hjá kollegum þeirra á Norðurlöndunum. Dómur

**10 REPÓRTASJE**

ARBEIDERBLADET TIRSDAG 12. MARS 1985

## Frimurerne kan miste prestene

110 norske prester deltar i hemmelige sermønier hvor likkister og hodeskaller inngår. Dette skjer i Frimurerlojse. Men Kirkenes Verdensråd i Genève fordømmer presters medlemskap i lojse. I Sverige utreder «Ansvarsnåden for biskoper» om lojsemedlemskapet er forenlig med pretekallet. Sier den svenske nevnden nei i sitt svar, må spørsmålet også vurderes i Norge, mener formannen i presteferien, Knut Andresen.

Alf Ole Ask

Sverige har debatten om presters medlemskap i frimurerlojse gått høyt de siste ukene. Men formannen i presteferien i Norge, Knut Andresen sier at det ikke er noen debatt om dette i Norge akkurat nå. — Dette er noe som dukker opp ved jevne mellomrom. Inndi kirken er det smigret om prester bør si ja til å bli frimurere. Generalsekretæren i Kirkenes Verdensråd har i skarpe ordlag kritisert de svenske prestene for å være frimurer-brødre. Den norske kirke er med i verdensrådet. Frimurerlojse i Norge og Sverige er lik, hva ritualer angår. Kritikken fra Emilio Castro, som generalsekretæren heter, skulle dermed også ramme like hardt i det norske prestekorps. Men formannen i presteferien

**FRIMURARNA - DEN HEMMELIGE MAKTEN**  
**Frimuramas källare - likkistor, dödsallar, benkn**



*Neytendasamtökin:*

## Stuðlað að óhollustu

Nú nýverið var ákveðið að greiða niður verð á kartöflum til framleiðslu á svokölluðum frönskum kartöflum og skyldri vöru. Þetta gerist á sama tíma og dregið hefur verið úr niðurgreiðslum á kartöflum á almennan markað. Það er óumdeilanleg staðreynd, að djúpsteyktar kartöflur eru mun óhollari matur en ferskar. Það væri því nær, ef neytendur eiga á annað borð að greiða niður verð vöru með skattgjöldum sínum, að ýta fremur undir neyslu hollra vara en óhollra.

Vegna mikillar uppskeru á síðast-

liðnu ári hvetja Neytendasamtökin til þess að verð á kartöflum verði lækkað verulega til þess að auka neyslu á þeim meðan gæðin eru hvað mest. Hertar verði kröfur til bænda, um að senda nú á markað bestu kartöflur sínar hverju sinni, þegar fyrirsjáanlegt er að fleygja verður gifurlegu umframmagni á sumri komanda. Það er augljós skynsemi að fleygja þá heldur lélegasta hluta uppskerunnar. Þeir bændur sem bjóða bestu kartöflurnar gangi alla jafna fyrir á markaði þannig að neytendur fái úrvalið en haugarnir og sandarnir ruslið.

*Umræðan um presta í frímúrarareglunni nálgast hámark sitt. Blöð í Svíþjóð og Noregi hafa mikið fjallað um málið.*

Biskupanefndarinnar í Svíþjóð ættilt að snerta þá nokkuð, svona að minnsta kosti óbeint. Þeir eru í meirihluta í Svíþjóð sem eru á því að dómur nefndarinnar verði sá að það samrýmist ekki prestsskap að vera í þessum félagsskap.

En hvers vegna er það svo vinsælt meðal kirkjunnar manna að vera í reglunni? Þeir koma varla til með að svara því sjálfir á næstunni. Úlfar Þórmóðsson „frímúrararfræðingur“ hefur hins vegar ákveðnar skoðanir á þessu. Í viðtali fyrir þremur árum sagði hann:

„Eina af ástæðunum fyrir því að það eru svona margir prestar í reglunni er sjálfsgætt sú, að þeir geta ver-

id þarna án þess að borga félagsgjöld. Nú enn og aftur er ein ástæðan sú að frímúrarar eru svo sannarlega mikið að gutla í guðfræði og þeir byggja mikið af sinni heimspeki á þeirra útlekkingum á Davíðssálmum og orðskviðum Salómóns. Æðsti maður hverju sinni ber einmitt tiltilinn „Vitrasti staðgengill Salómóns á jörðinni“. Ég held að enn ein skýringin sé sú að kirkjunnar menn á Íslandi eru í svo allt, alltof ríku mæli lágkúrnar menn og ég leyfi mér að fullyrða að þó þeir eigi að hafa lesið Bibliuna all rækilegar en ég hef gert, þá er það svo, að ég leyfi mér að fullyrða að það samræmist ekki

á nokkurn hátt að vera þátttakandi í frímúrarareglunni og þjóna sem prestur. Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að lýsa furðu minni á þeirri biræfni nýorðins biskups yfir Íslandi, að velja sér útleggingsartexta við vígsluathöfn, þar sem verið er að vígja hann æðsta guðsmann landsins, að velja sér útleggingsartexta fyrir sína ræðu „Enginn getur þjónað tveim herrum“. Og enn ein ástæðan:

„Seremóníur eru miklar. Guðfræðilegar og gyðinglegar og þetta eru náttúrulega menn sem kunna á serimóníur, kunna að fara með orðið. Það er ein skýringin á því að þeir séu þarna. Þeir eru helgir.“

## MOLAR



### Afmælisýning Textilfélagsins

Á laugardaginn opnaði Textilfélagið samsýningu í vestursal Kjarvalsstaða í tilefni af 10 ára afmæli félagsins, en það var stofnað árið 1974. Þetta er stærsta samsýning félagsins. Í félaginu starfa nú 40 félagar að ýmsum greinum textillistarinnar, svo sem vefnaði, tauprykki, fatahönnun, mynsturhönnun, þrjóni, bóta-saum og textilskúlpútur. Markmið félagsins er m. a. að vinna fagi sínu brautargengi með því að efla skilning almennings og fyrirtækja á störfum textilhönnuða svo og að vera fulltrúi textillistafólksins á innlendum og erlendum vettvangi. Tveir félagar úr samtökunum munu halda fyrirlestra í tengslum við sýninguna. Sigríður Halldórsdóttir, vefnaðarkennari, flytur fyrirlestur, sem hún nefnir Kljástainavefstaðinn, sunnudaginn 31. mars kl. 20. og Hulda Jósefsdóttir, textilhönnuður, flytur fyrirlestur miðvikudaginn 3. apríl kl. 20 um norræna þrjóna-

hefð. A meðan á sýningunni stendur er í gangi myndband, sem sýnir hluta af skyggjusafni af verkum félaganna. Sýningin er opin alla daga frá 14-22 og henni lýkur á annan í páskum. Myndin sem fylgir þessum Mola er af verki eftir Huldu Jósefsdóttur.

### Menningarþanki í byrjun viku

Í dag gerast Molar menningarlegir. Nú í upphafi 12. viku ársins hvetjum við alla lesendur okkar að hrista af sér slen hversdagsins og næra andann í stað þess að láta yfirbugast af peningaáhyggjum. Hversvegna að hafa áhyggjur af því sem ekki er til. Senn koma mánaðamót og þá sér gjaldheimtan um að losa okkur undan peningaáhyggjunum, sem skapast óneitanlega þegar fingur okkar komast í snertingu við seðlana. En að öllu gamni slepptu þá munu Molar í dag greina frá nokkrum menningaruppákomum í vikunni. Ástæðan fyrir því að

við offrum dýrmætu plássleysi Molanna í menninguna, er sú að menningin hefur orðið hálfgerð hornreka í blaðinu að undanförunu. Slíkt hörmum við vita-skuld en skýlum okkur á bak við þá afsökun að blaðið er smátt í sniðum og óvenju mikið hefur verið á seidi í þjóðfélaginu að undanförunu.

### Íslenska hljómsveitin

Í fyrsta sinn í sögu hljómleikahalds á Íslandi eru konur bæði í hlutverkum einleikara og stjórnanda. Það er íslenska Hljómsveitin sem verður með tólfstu hljómleika sína á þessu starfsári nú á morgun, miðvikudaginn 20. mars kl. 20:30. Hljómleikarnir verða í Bústaðakirkju. Yfirskrift þeirra er Maestra, þar sem konur fara með aðalhlutverkið þetta kvöld. Stjórnandi verður bandaríski stjórnandinn Margaret Hillis, sem er einn virtasti kvenstjórnandi í heimi. Einleikari er píanóleikarinn Anna Guðný Guðmundsdóttir.